

Brjef stjórnarráðsins til biskups um breyting á launakjörum 96
nokkurra presta. 21. sept.

Samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í brjefi, dagsettu 6. þ. m., og ósk hlutadeiganda hefir stjórnarráðið fallist á, að eftirnefndir prestar, frá fardögum síðastliðnum að telja, taki laun sín eftir lögum 16. nóvbr. 1907, um laun sóknarpresta:

1. Síra Guttormur Vigfússon í Stöðvarprestakalli.
2. Síra Jakob Björnsson í Saurbæjarprestakalli í Eyjafjarðarprófastsdæmi.
3. Síra Jón Þorsteinsson í Möðruvallaprestakalli.
4. Síra Kristján Eldjárn Þórarinnsson í Tjarnarprestakall í Svarfaðardal.
5. Síra Valdimar Briem í Stóranúpsprestakalli.

Þessir prestar allir eru í fyrsta launaflokki (1700 kr.).

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar.

Brjef stjórnarráðsins til bæjarfógetans á Seyðisfirði um toll af 97
piparmyntukökum. 22. sept.

Útaf brjefi yðar, herra bæjarfógeti, dagsettu 20. júlí þ. á., þar sem þjer spyrjist fyrir um það, hvort greiða skuli toll af piparmyntukökum, sem flust hafa til Thostrups verslunar á Seyðisfirði, þá verður stjórnarráðið að vera yður samdóma um það, að orðin í 14. lið 1. gr. tollaganna frá 31. mars 1909 »af öllum brjóstsýkur og konfekttegundum« sjeu svo víðtæk, að piparmyntukökur eigi að falla undir þau, og að piparmyntukökur eigi því að tolla eftir þeim lið í 1. gr. tjeðra laga.

Brjef stjórnarráðsins til biskups um skilning á lögum nr. 40, 98
30. júlí þ. á., um sóknargjöld að því er snertir afnám svo nefndra 27. sept.
Mariu- og Pjeturslamba.

Með brjefi, dags. 20. þ. m., hafið þjer, háæruverðugi herra, skýrt frá því, að presturinn að Dvergasteini spyrjist fyrir um það, hvort með hinnm nýju lögum um sóknargjöld sjeu ekki afnumin aukalambsfóður sem á aðaljörðum hvíla í sumum sóknum, þar á meðal í Klippstaðasókn í Dvergasteinsprestakalli, hin svo nefndu Mariu- og Pjeturslömb.

Útaf þessu er yður hjermeð til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari birtingar, að þareð gjald þetta, eins og þjer líka takið fram, í eðli sínu er kvöð á jörðum þeim, er það er goldið af, að sumu leyti eins og prestsmata, þá getur það ekki komið til mála, að kvöð þessi sje afnumin með hinum nýju sókn-